

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð um opnunartíma lyfjabúða nr. 30/1983.

1. gr.

Töluliður 1.6 í 1. gr. fellur niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982, öðlast gildi 1. júní 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

18. maí 1989

Nr. 251

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við og breytt í viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarks magn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Oximetazolinum, klóríð	Nefúðalyf í afmældum úðaskammti. Einstakur skammtur mest 25 míkróg. Mest 10 ml handa einstaklingi.	NEZERIL, nefúðalyf með skammtaúðara 0,1 mg/ml; nefúðalyf með skammtaúðara 0,25 mg/ml; nefúðalyf með skammtaúðara 0,5 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins við skráningu lyfsins.
Hydrocortisonum (gildir eingöngu fyrir alkóhólinn)		UNIDERM, áburður, krem, smyrslí.	Í stað setningarinnar um notkun: „Berist á í þunnu lagi tvisvar sinnum á dag, mest þrisvar sinnum á dag.“ kemur setningin: „Berist á í þunnu lagi, mest tvisvar sinnum á dag.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. og 17. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi 1. júlí 1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.